



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 346

Vilborg Ingimarsdóttir

(1902-1974)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 346

Vilborg Ingimarsdóttir

kennari

Vilborg Ingimarsdóttir fædd 22. nóvember 1902 á Efri-Reykjum í Biskupstungum, hún lést 22. ágúst 1974.

Foreldrar hennar voru Ingimar Guðmundsson fæddur að Bergstöðum í Biskupstungum 27. ágúst 1868, dáinn 14. júlí 1945 og Ingibjörg Guðmundsdóttir fædd að Kjarnholtum í Biskupstungum 4. ágúst 1871.

Vilborg tók kennarapróf árið 1926 og var við nám í Danmörku 1930, m.a. í Grundvigs Höjskole við Lyngby.

Vilborg var kennari við Barnaskólann á Húsavík 1926-1940 og handavinnukennari í Barnaskólanum í Reykholti í Biskupstungum 1940-1943 og 1944-1946.

Maki hennar var Stefán Sigurðsson kennari fæddur að Reyðará í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu 14. mars 1901. Stefán kenndi við Melaskóla 1946-1966, hann var mikill áhugamaður um esperanto (bæði kenndi og þýddi bækur). Vilborg og Stefán áttu 2 dætur Þóru Ingibjörgu fædd 12. júní 1941 og Önnu Jórunni fædda 21. desember 1942.

(Heimild: *Kennaratal á Íslandi* útg. 1965 og 1988).

Skjalaskrá

Askja 1

Bréf, dagsett 1911-1927, til Vilborgar frá fjölskyldu og vinum:

Ingimar Guðmundsson (faðir Vilborgar), Þóra, Guðrún og Guðmundur (systkin Vilborgar), Guðmundur Guðjónsson (frændi), Ingibjörg Guðjónsdóttir (frænka), Doróþea Gísladóttir (Dóra frænka), Vilborg Guðmundsdóttir (frænka), Magdalena Guðjónsdóttir (Malla), Sigríður Guðmundsdóttir, Anna Matthíasdóttir, Anna Filippusdóttir, Helga Þórðardóttir, Theodóra Ásmundsdóttir, Ásgerður Eiríksdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Guðrún Einarsdóttir, o.fl.

Fermingarkort til Vilborgar.

Bólusetningarvottorð júní 1905.

Einkunn á fullnaðarprófi 1916.

Bréf, dagsett 1911-1917, til Ingibjargar Guðmundsdóttur (móður Vilborgar) frá Önnu Filippusdóttur og fleirum.

Bréf, dagsett 1926, til Hilmars Kristjánssonar frá móður hans Magdalenu Guðjónsdóttur.

Skriftaræfingar og stílar (trúlega frá því í barnaskóla merktar þeim Vilborgu og Guðrún, og Stefaníu Gísladóttur.

Tvær kvittanir frá 1920 undirritaðar af Áslaugu Lárusdóttur f.h. Ingu L. Lárusdóttur.

Prentað mál:

Ágrip af ferðaáætlun landspóstanna 1925.

Grafskrift vegna Ágústu Guðmundsdóttur.

Á áttæðisafmæli Guðrúnar Magnúsdóttur ekkju í Austurhlíð.

Dansinn gamanvísur eftir G.

Lítið kver: Af Jesu lív.

Ljósrit úr Kennaratali útg. 1965.

Askja 2

Tímaritið 19. júní:

1. árg. (1917-1918) 12 tbl. + aukablað (vantar 1.tbl.).
2. árg. (1918-1919) 13.tbl. (vantar 8. tbl.).
3. árg. (1919-1920) 11 tbl. auk *Hátíðardagskrá kvenna 19. júní.*
4. árg. (1920-1921) 12 tbl.
5. árg. (1921-1922) 11 tbl. (vantar 7. og 8. tbl.).
6. árg. (júní 1922-deseember 1923) 12 tbl.
7. árg. (jan.-des. 1924) 12. tbl.
8. árg. (jan.-des. 1925) 12. tbl.

Tímaritið *Hlín ársrit Sambands norðlenskra kvenna* 3. útg. 1919 (ekki heilt).

Tímaritið *Unga Íslands* (2 stk.), júlí 1935 og mars 1936.

Teiknuð útsaumsmunstur.

Skráð í september 2007 Elín Þórðardóttir